

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs vegna efnistökusvæðis á Kiðueyri í landi Ketilsstaða, Múlapingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. maí 2024 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. mars 2024.

Í breytingunni felst að á sveitarfélagsuppdrátt B er bætt við punkttákni fyrir nýtt efnistökusvæði E172. Heildarflatarmál fyrirhugaðs efnistöku- og haugsvæðis er 22.000 m² og áætlað er að efnistaka verði samtals u.þ.b. 24.000 m³ á næstu þremur árum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. maí 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 3. júní 2024